

## Hvers vegna Guð leyfir þjáningu

Þjáning. Hún er allt í kringum okkur, í formi ofbeldis og misnotkunar, skilnaðar og stríðs, náttúruhamfara og sjúkdóma. Og milljónir ráðþrota manna vilja vita af hverju. Við horfum orðlaus á eyðileggingu hvirfilbylja eða fréttamyndir af illa leiknum líkum. Við göngum inn á sjúkrahús og sjáum ótta og eynd í svipbrigðum fólks. Við grátum ástvini sem við höfum misst. Það þarf sterkt hjarta til að hrópa ekki: „Ef Guð er Guð, hvers vegna er þá svona mikil þjáning? Hvers vegna gerir hann ekki eitthvað til þess að stöðva þetta allt?“ Enn einu sinni finnum við svörin í Orði hans.

**1. Hvern sagði Jesús vera ábyrgan fyrir veikindum þessarar konu?** Lúkas 13.10-12, 16

---

**2. Hver gaf Páli „flein í holdið?“** 2 Korintubríf 12.7-10

---

**3. Hvaða ástæður eru gefnar fyrir því að Páll losni ekki undan þessu vandamáli?**

- a. \_\_\_\_\_  
b. \_\_\_\_\_

**4. Urðu Galíleumenn fyrir ógæfu vegna þess að þeir voru verri syndarar en aðrir?**

Lúkas 13.1-3

---

**5. Fæddist blindi maður blindur vegna synda sem hann eða foreldrar hans höfðu drýgt?**

Jóhannes 9.1-3

---

*Ath. „Gyðingar trúðu því almennt að fyrir syndir væri refsað í þessu lífi. Sérhver meinsemd var talin vera refsing fyrir einhverja misgjörð, annaðhvort hins sjúka sjálfs eða foreldra hans. Að sönnu er öll þjáning afleiðing brota gegn lögmáli Guðs en þessi sannleikur var orðinn rangsnúinn. Satan, höfundur allrar syndar og allra afleiðinga hennar, hafði kennt mönnum að líta á sjúkdóma og dauða sem ráðstöfun Guðs – sem gerræðislega refsingu fyrir drýgðar syndir. Af þessum sökum varð hver sá, sem orðið hafði fyrir alvarlegum sjúkdómum eða slysum, að bera hina þungu viðbótarbyrði að vera talinn stórsyndari.“ Þrá aldanna bls. 350. Þetta er ástæðan fyrir því að Jesús læknaði svo mikið. Hann vildi hrekja þessa ranghugmynd og sýna þjáðu mannkyni miskunn og umhyggju Guðs. Satan veldur þjáningu en Guð getur annað hvort leyft henni að viðgangast eða leitt eitthvað gott úr henni.*

## 17-2

### 6. Hverju lofaði Guð Adam og Evu? 1 Mósebók 3.16

„Og \_\_\_\_\_ vil ég setja milli þín (höggormsins) og konunnar... Það (sæði konunnar) skal merja höfuð þitt, og þú skalt merja \_\_\_\_\_ þess.“

### 7. Við hvern er átt með orðunum „hennar sæði“? Galatabréfið 3.16

---

*Ath. Vegna þessa lofordis Guðs er stanslaust stríð milli Satans (höfðingja þessa heims) og þeirra sem fylgja Kristi. En dýpsta túlkun þessa spádóms er að það er Kristur sem mer höfuð höggormsins (Satans) og stöðvar þannig hið illa, á sama tíma og Satan marði hæl (olli þjáningu) Krists. Það var áætlun Guðs að koma og bjóða sjálfan sig sem fórn fyrir okkur öll. Sumir velta því fyrir sér hvers vegna Guð eyddi ekki Satan strax þegar hann gerði uppreisn. Það var engin leið til að útskýra syndina fyrir alheimi sem hafði enga reynslu af henni, og Guð vildi hvorki né gat ríkt yfir þegnum sem þjónuðu honum af ótta frekar en kærleika. Svo hann átti engra kosta vöð. Áform uppreisnarinnar varð að fá að þroskast þar til allir sæju ávöxt hennar.*

### 8. Hvaða eitt orð lýsir best lyndiseinkunn Guðs? 1 Jóhannesarbréf 4.8

---

*Ath. Alltaf þegar Biblían fjallar um kærleika Guðs er gríska orðið agape sérstaklega notað. Þetta orð er notað til að lýsa kærleika sem við manneskjurnar getum ekki kallað fram í okkur. Önnur orð yfir kærleika merkja bróðurkærleika eða rómantíska ást (fileos og eros). Þegar við reynum að skilgreina kærleika Guðs til okkar með orðum sem eiga við mennskan kærleik gerum við lítið úr fagnaðarerindi Krists. Kærleikur hans er svo miklu æðri og dýpri en mannleg ást.*

### 9. Hvaða hjálp býður Guð fylgjendum sínum? 1 Korintubríf 10.13

### 10. Hverjar eru afleiðingar erfiðleika í lífi okkar ef við erum Guðs börn?

Rómverjabréfið 8.28

### 11. Hverju á agi Guðs að skila í lífi okkar? Hebreabréfið 12.7-11

---

---

---

---

## 17-3

12. Hvernig lítur Guð á þjáningu okkar? Matteus 25.31-45; Postulasagan 9.1-5

---

13. Hvaða fullvissa styrkir trú okkar? Rómverjabréfið 8.35, 38-39

---

*Samantekt: Guð setur ekki aðeins Satan mörk sem hann getur ekki farið yfir og lofar okkur styrk og hjálp af himnum heldur fullvissar hann okkur um að eldraunir okkar muni samverka okkur til góðs. Við skiljum kannski ekki hvernig þetta getur verið en seinna verður það augljóst. Jafnvel í þessu lífi sjáum við oft hönd Guðs að verki í erfiðleikum okkar. Tilgangur Guðs er að þroska lyndiseinkunn okkar og oft lærir maðurinn best af mótæti.*

*Þú ert meistaraverk Guðs. Hann hefur markmið og tilgang fyrir líf þitt og hann notar ævi þína til þess að ná því fram. En það er aðeins í Kristi sem Guð getur gert þig að þeirri manneskju sem þér er ætlað að verða.*

# Svör við nr. 17

Spurning 1 – Satan

Spurning 2 – Satan

Spurning 3 – Svo hann verði ekki sjálfumglaður og treysti meira á Krist

Spurning 4 – Nei

Spurning 5 – Nei

Spurning 6 – Fjandskap; höfuð; hæl

Spurning 7 – Krist

Spurning 8 – Kærleikur

Spurning 9 – Guð lætur ekki freista þín um megn fram

Spurning 10 – Guð lætur allt samverka okkur til góðs

Spurning 11 – Það framkallar réttlæti og frið í lífi okkar

Spurning 12 – Hann þjáist með okkur

Spurning 13 – Guð mun ávallt elska okkur og aldrei yfirgefa okkur